

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) frá 28. september 2001 um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og þeim er á Íslandi dveljast eða hafa þar starfsemi að afla fjár eða annars konar verðmæta í þeim tilgangi að fjármagna hryðjuverkastarfsemi sem er refsiverð samkvæmt ákvæðum XVIII., XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Óheimilt er bæði einstaklingum og lögaðilum að afhenda fjármuni eða annars konar verðmæti sem þeir hafa í vörslum sínum og eru í eigu manna sem hafa framið eða reynt að fremja brot sem um getur í 1. tl., hlutdeildarmanna í slíkum brotum eða manna sem með öðrum hætti hafa stuðlað að slíkum brotum. Hið sama gildir um fjármuni eða annars konar verðmæti lögaðila sem eru í eigu slíkra manna sem og fjármuni og annars konar verðmæti manna sem starfa á þeirra vegum.

3. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum sem starfa á Íslandi er óheimilt að stofna sjóði, sjá um eignausýslu eða veita annars konar beina eða óbeina þjónustu í tengslum við fjármuni og annars konar verðmæti í þágu þeirra sem hafa framið eða reynt að fremja brot sem um getur í 1. tl., hlutdeildarmanna í slíkum brotum eða manna sem með öðrum hætti hafa stuðlað að slíkum brotum.

4. Hafi einstaklingur eða lögaðili sem heimild hefur til að veita almenningi fjármálaþjónustu, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti, ásamt síðari breytingum, grun um viðskipti samkvæmt ákvæðum 1.–3. tl. auglýsingar þessarar ber að tilkynna það ríkis-lögreglustjóra í samræmi við ákvæði framangreindra laga.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

Davíð Oddsson.

Benedikt Ásgeirsson.